

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

#### *Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. desember 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarreits sunnan Reynilundar. Skipulagið gerir ráð fyrir 5 einbýlishúsum, 2 parhúsum og 24 íbúðum í fjölbýlishúsum.

Skipulagsuppráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breytt deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 9. október 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Breytingin felst í fjölgun bílastæða við Skíðastaði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 6. mars 2001.

*Akureyri, 28. janúar 2003.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjahn,** skipulags- og byggingarfulltrúi.